

um endurskipulagningu á olíuverzlun í landinu.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að gera tillögur um endurskipulagningu á innflutningi á olíuvörum og dreifingu þeirra í landinu í því augnamiði að tryggja fyllstu hagkvæmni í innkaupum, sölu og dreifingu olíuvara innanlands, svo að þær geti jafnan verið á boðstólum á lægsta verði til notenda. Nefndin ljúki störfum fyrir 1. júlí n. k. og skili tillögum sínum til ríkisstjórnar og Alþingis. Nefndin leiti nauðsynlegrar sérfræðiaðstoðar, eftir því sem þurfa þykir, en kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þrjú stórfyrtæki annast nú olíuverzlun í landinu, svo sem kunnugt er. Innkaup þeirra á olíum hafa farið fram með þeim hætti, að þeim hefur verið gert skylt að verzla svo til eingöngu við Sovétríkin á grundvelli samninga, sem ríkið hefur gert, og verið óheimillt að gera olíukaup annars staðar frá, nema sérstaklega stæði á. Í raun og veru hafa þessi fyrtæki notið einökunaraðstöðu á þessu sviði og í skjóli hennar haft nána samstöðu um vissa þætti þessara viðskipta, svo sem um verðlagningu og sölufyrirkomulag.

Oliufélögin hafa á liðnum árum byggt upp þrefalt oliudreifingarkerfi um allt land. Við augum manna blasir víðs vegar um landið hið margfalda dreifingarkerfi, jafnt í þéttbýli og dreifibýli, á stöðum þar sem augljóslega væri fullnægjandi einn birgðageymir og ein dreifingarstöð. Það óhóf og skipulagsleysi, sem ríkt hefur í staðsetningu benzínstöðva t. d. í Reykjavík og nágrenni, liggur í augum uppi hverjum manni og sýnir glögglega brúðl og óhagkvæmni, sem á sér stað í benzindreifingu. Þar eru ekki lagðar til grundvallar raunverulegar þarfir viðskiptamanna, heldur viðskiptalegt kapphlaup, sem leiðir til hækkunar benzín- og olíuverðs.

Svipað er um dreifingu á olíu til húshitunar að segja. Hið þrefalda sölukerfi í smáum sem stórum byggðarlögum er engum til gagns, nema kannske þeim fyrtækjum, sem dreifinguna annast, en aftur á móti hækkar söluverð til notenda.

Ekki verður heldur komið auga á hagræði hins þrefalda dreifingarkerfis fyrir sjávarútveg, iðnað, landbúnað og annan rekstur, nema síður sé. Þvert á móti bendir margt til, að það hafi einnig í för með sér aukin útgjöld í hækkuðu söluverði.

Þá má minna á staðsetningu hinna stóru birgðageyma um landið á vegum oliufélaganna og oliuflutningana til Íslands og um landið. Ýmislegt bendir til, að einnig í því efni mætti koma á meiri hagkvæmni, sem leiddi til lækkaðs olíuverðs, ef vilji er fyrir hendi hjá þeim, sem þar geta ráðið.

Fleira mætti telja, sem horfir til lækkunar á olíuverði fyrir notendur, ef að líkum lætur, en hér verður látið staðar numið.

Með hvaða hætti yrði umbótum í þessum efnum bezt komið á? Hvers konar fyrirkomulag er hér vænlegast til árangurs? Þar koma vissulega til álita og athugunar ýmsar leiðir. Má þar til dæmis nefna, að tekin verði upp einkasala á vegum ríkisins á olíuvörum eða aðhald í rekstri núverandi oliufélaga aukið stórlega frá því, sem verið hefur, eða ráðstafanir gerðar til meira frjálsræðis í oliuinnflutningi og með því reynt að koma á samkeppni í olíukaupum og oliudreifingu, sem ekki er nú til staðar nema að mjög takmörkuðu leyti. Hlutverk þeirrar nefndar, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að sett verði á stofn, er að kanna m. a. þessar leiðir og aðrar slíkar og gera síðan tillögur til úrbóta.

Alþýðuflokksmenn hafa á liðnum árum gagnrýnt fyrirkomulag oliudreifingar í landinu og komið fram með tillögur og ábendingar um, hvernig þessum málum yrði betur fyrir komið.

Í ríkisstjórn Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins var gerð rannsókn á vissum þáttum þessa máls. Sú rannsókn yrði vafalaust til að auðvelda störf fyrirhugaðrar nefndar.

Endurskipulagning oliudreifingar í landinu er aðkallandi mál, sem taka þarf föstum tókum og getur leitt til bættra lífskjara fyrir almenning og létt undir með hvers konar atvinnurekstri, ef vel tækist til og rétt er á málum haldið.